

Efni: Fjárfestinga- og rekstrarheimildir dómstóla samkvæmt fjármálaáætlun 2024-2028

Það er hlutverk dómstóla í lýðræðisríki að standa vörð um réttarríkið og réttaröryggi. Sjálfstæði dómstóla er afar mikilvægt svo þeir geti gegnt þessu hlutverki og notið trausts. Það verður ekki tryggt nema með fullnægjandi fjármögnun og gagnsæi við ákvarðanatöku um hana.

Dómstólasýslan hefur í samvinnu við dómstóla á öllum dómstigum mótað stefnu dómstóla fyrir tímabilið 2023-2027. Í stefnunni eru skilgreind markmið fyrir tímabilið og helstu áherslumál. Áherslumálin eru eftirtalin: 1) Stafrænt dómskerfi, 2) Upplýsingagjöf og fræðsla um dómstóla 3) Húsnæðis- og öryggismál og 4) Mannauður og færni. Mat á fjárþörf á málefnasviði dómstóla á komandi árum tekur einkum mið af þessum áherslumálum, sbr. fylgiskjöl 1 og 2 með bréfi þessu.

Áherslur á stafrænt dómskerfi eru í samræmi við þróun samfélagsins og í takti við lykiláherslur stjórnvalda á málefnasviði dómstóla sem fram koma í greinargerð með fjármálaáætlun (bls. 159-161). Í stefnu dómstóla er miðað við að málsmeðferð bæði einkamála og sakamála verði stafræn frá og með 2027/2028. Í því felst að öll samskipti og gögn verði á stafrænu formi og þinghöld verði að meginstefnu til í fjarfundabúnaði. Markmiðið er að ná fram bæði innri og ytri ábata, þ.e. fyrir dómstóla og allt samfélagið. Samfélagslegur ábati næst einkum með bættri þjónustu og aukinni skilvirkni í rekstri mála (styttri málsmeðferðatími). Þá lækkar samfélagslegur kostnaður vegna ferða til og frá dómstólum, seinvirks vinnulags við skjalagerð og sóunar á pappír og eldsneyti auk þess sem dregið verður úr neikvæðum áhrifum á umhverfið. Stafræn þróun er forsenda þess að unnt sé að ná fram þeim ábata sem áætlað er geti orðið með sameiningu héraðsdómstóla. Það er því afar mikilvægt að fullnægjandi fjármagn fái til fjárfestinga og rekstrar vegna nauðsynlegra umbóta á upplýsingatæknikerfum dómstóla og starfsþróunar hjá dómstólum.

Hvað upplýsingagjöf og fræðslu varðar, er brýnt út frá réttaröryggi að dómstólar geti miðlað frekari og nákvæmari tölfræðiupplýsingum en nú er mögulegt og að unnt verði að veita almenningi betri þjónustu með auknu fræðsluefni og gagnvirkum samskiptum. Aukið gagnsæi og bætt upplýsingagjöf er til þess fallin að auka réttarvitund almennings og stuðlar að því dómstólar njóti trausts.

Öryggismál hjá dómstólum er eitt af helstu áherslumálum á næstu árum. Dómstólasýslan hefur í samræmi við það samþykkt stefnu um öryggi í húsnæði dómstóla. Stefnan og öryggisviðmið sem henni fylgja voru unnin í samvinnu við Ríkilögreglustjóra. Framundan er úttekt á húsnæði allra dómstóla. Þegar niðurstöður hennar liggja fyrir verður unnt að greina nánar þarfir og mögulegan kostnað vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæði dómstóla. Það er því ekki mögulegt að setja fram áætlun um kostnað vegna þessa að sinni.

Áherslur í mannauðsmálum og færni starfsfólks haldast í hendur við önnur áherslusvið, einkum stafræna þróun og húsnæðismál. Gera verður ráð fyrir að þörf á aukinni tækniþekkingu og færni starfsfólks hækki launakostnað hjá dómstólum, a.m.k. fyrst um sinn.

Dómstólasýslan vonast til þess að fjárlaganefnd taki tillögur og áherslur um fjármögnun málefnasviðs dómstóla til skoðunar og hugi í þeim efnum mikilvægi þeirra verkefna sem unnið verður að á næstu árum fyrir dómstólana og samfélagið í heild sinni.

Virðingarfyllt,
f.h. dómstólasýslunnar

Sigurður Tómas Magnússon,
stjórnarformaður

Kristín Haraldsdóttir,
framkvæmdastjóri.